



SEYÐISFJARÐARSKÓLI

- Í hverju barni býr fjársjóður -

Kennsluáætlun 2019-2020

Fag: Danska

Bekkur/samkennsluhópur: 10. bekkur

Kennari/kennarar: Jóhanna Gísladóttir

Fjöldi kennslustunda í faginu á viku: 3,5

Fjöldi kennslustunda í faginu yfir árið: 105

Tímabil:

Allur veturinn

Efni/þema sem tekið er fyrir:

Kennsluefnið Smil, textabók, vinnubók, hlustunarefni síðari hluti. EKKO textabók, vinnubók, hlustunarefni, fyrsti hluti. Valdur kaflar úr bókinni Bordbombe unnir í samvinnu við 9. bekk, einnig efnið Lige i lommen sem er óhefðbundið efni.

Berømmelse, intelligens og forelskelse, Danmark, julen, fremtiden, skole, sport og motion.

Markmið að nemendur tileinki sér ákveðna þekkingu (lykilorð)

Hlustun Nemandi getur: Skilið talað mál um efni er varðar hann sjálfan, áhugamál hans og daglegt líf þegar talað er skýrt og áheyrilega, • skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti, • fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt, • hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum..

Lesskilningur Nemandi getur: Lesið sér til gagns og ánægju auðlesna texta af ýmsum gerðum um daglegt líf og áhugamál sem innihalda algengan orðaforða og beitt mismunandi lestraraðferðum eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum, • skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra, • fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu, • lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómstundir og ferðalög.

Samskipti Nemandi getur: Sýnt fram á að hann er sæmilega samræðuhæfur um efni sem hann þekkir vel, beitir máli, framburði, áherslum og hrynjandi af nokkru öryggi, skilur og notar algengustu orðasambönd daglegs máls og viðeigandi kurteisvenjur og kann aðferðir til að gera sig skiljanlegan, t.d. með látbragði, • tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf, • bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum, • notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal.

Frásögn Nemandi getur: Tjáð sig um það sem viðkemur daglegu lífi hans og því sem stendur honum nærri á nokkuð skiljanlegu máli hvað varðar málnotkun, framburð, áherslur og orðaval, • sagt hnökralítið frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum, • greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar, mynda o.s.frv., • flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.

Ritun Nemandi getur: Skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir, beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt, sýnt fram á allgóð tök á daglegum orðaforða og orðaforða sem unnið hefur verið með, skapað samhengi í textanum og notað til þess algengustu tengiorð og greinarmerki, • skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmynda og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda, • sagt nokkuð lipurlega frá og brugðist við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt, • lýst atburðarás eða því sem hann hefur upplifað og notað orðaforða sem lýsir þróun, hraða, eftirvæntingu o.s.frv., • samið texta þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín.

Menningarläsi Nemandi getur: Sýnt fram á að hann kunni skil á ýmsum þáttum sem snúa að daglegu lífi, s.s. fjölskyldu, skóla, frítíma og hátíðum og áttað sig á hvað er líkt eða ólíkt því sem tíðkast í hans eigin menningu. Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjarðar menningarsvæðisins, s.s. landfræðilegrar legu, staðháttu og þekktra staða: Sýnt fram á að hann þekkir til þátta sem einkenna barna- og unglíngamenningu viðkomandi málsvæðis, s.s. söguhetja barnabóka, leikja, söngva og ævintýra. Sýnt fram á að hann áttar sig á skyldleika erlenda málsins við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra..

Námshæfni Nemandi getur: Sett sér nokkuð raunhæf markmið, gert sér nokkra grein fyrir hvar hann stendur í náminu og beitt aðferðum til að skipuleggja sig og bæta þar sem þess gerist þörf, • beitt lyklnámsaðferðum til að auðvelda skilning og notkun á tungumálinu og valið aðferð sem hæfir viðfangsefninu, t.d. umorðað ef hann vantar orð og lesið í aðstæður og getið sér til hvaða samræður fara þar fram, • beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningjamati á raunsæjan hátt og veitt sanngjarna endurgjöf með stuðningi frá kennara, • nýtt sér eigin reynslu og þekkingu þegar kemur að því að tileinka sér nýja þekkingu, • tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi, • nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflettirit orðabækur, veforðasöfn, leið- réttingarforrit og leitarvéla

Markmið að nemendur tileinki sér ákveðna hæfni (lykilorð/færni)

Sjá í kaflanum um þekkingu, þar er fjallað bæði um þekkingu og hæfni.

Ábyrgð nemenda (ætlast er til að nemendur)

Setji sér námsmarkmið fyrir hverja viku og standi við þau.

Markvisst er unnið með eftirfarandi grunnstoðir menntunar í kennslu og efnistöfum

| Grunnþáttur | Dæmi um verkefni eða nálgun á tímabilinu í faginu (hvernig) | Virkt beint | Óbeint |
|-------------|--|-------------|--------|
| Læsi | Í vetur þurfa nemendur að nota læsi á bækur og umhverfi, og kunna að beita tölvulæsi í nokkrum verkefnum. | x | |
| Sköpun | Nemendur þurfa að gera þrjú kynningarverkefni í vetur, eitt þeirra er að fara út og taka myndir og segja síðan bekknum frá því sem fyrir augu bar t.d. á glærum. Hin tvö á einnig að kynna fyrir bekknum og e.t.v. fyrir öðrum nemendum á Sal. Nemendur velja sér verkefni og framsetningu á kynningunni. Verkefnin geta verið : <ul style="list-style-type: none"> • Mit hjem • Mit yndlingsfag • En spændende højskole i DK • En interessant sportsgren • Min familie • Min fritid • En dag i mit liv. • Klimakrisen | x | |

| | | | |
|-----------------------|---|---|---|
| | | | |
| Lýðræði Mannréttindi | Alltaf er fjallað eitthvað um þessa hluti, mikið til í samskiptum í tímum. Nemendalýðræði er viðhaft að vissu marki, t.d. í vali á framsetningu sumra verkefna, vali á lestrarbókum o.fl. | | x |
| Jafnrétti | Í allri vinnu í dönskunni er reynt að viðhafa jafnrétti allra, og unnið að því að leiðrétta skekkjur sem kunna að vera á jafnrétti. | x | x |
| Heilbrigði og velferð | Til dæmis með samtölum v. nem. bæði hópinn og við einstaklinga ef ástæða er til. | | x |
| Sjálfbærni | Við sleppum oftast orðabókum og notum síma eða spjaldtölvu í staðinn. (Í kennslustundum er inn á milli fjallað um það sem er efst á baugi í Danmörku og/eða veröldinni með því að horfa saman á fréttir og fréttaskot á dönsku, lofstslagsváin kemur þar mjög líklega við sögu) | x | x |

Markvisst og reglulega er unnið með eftirfarandi lykilhæfni í kennslu og efnistöðum

| Lykilhæfni nemenda | Dæmi um útfærslu sem nýtt verður |
|--------------------------------|--|
| Tjáning og hlustun | Æfð samtöl með stuðningi leikja og spjalda, einnig spurninga frá kennara og samnemendum. Áhersla er á að öll samskipti í kennslustofunni fari fram á dönsku og hlustun af vef er að jafnaði í hverri kennslustund. |
| Miðlun upplýsinga og þekkingar | Nemendur þurfa að kynna fyrir bekknum a.m.k. þrjú verkefni sem þeir velja sér í vetur. Möguleiki er að kynna einnig fyrir öllum skólanum á sal. |
| Skapandi úrvinnsla | Er t.d. í tengslum við útinám, en eitt verkefnið verður að segja frá því sem fyrir augu bar í leiðangri sem nemendur verða sendir í af kennara. |
| Gagnrýnin hugsun | Hvatt verður til gagnrýnnar hugsunar í einstaklingsverkefnum s.s. <i>Klimakrisen</i> Reyndar mörgum fleirum og námsefnið í bæði TAK og SMIL leggur oft upp með að nemendur beiti gagnrýnni hugsun. |
| Sjálfstæði | Nemendur þurfa að sýna sjálfstæði við verkefnaval, t.d. eiga þau að velja sér nokkur skrifleg verkefni yfir veturinn. Einnig bækur til að lesa og kynningarverkefni. |
| Samvinna | Talæfingar eru oft í samvinnu milli nemenda, og nemendur geta fengið að vinna saman við verkefnalausnir ef þeir vilja það. |
| Nýting miðla og upplýsi | Sjá Miðlun upplýsinga og þekkingar. |
| Ábyrgð á eigin námi | Nemendur hitta kennara á 2. -3. vikna fresti og setja sér markmið fyrir næstu vikur. Í námsmati verður tekið tillit til þess hvernig gengur að |

| | |
|------------------|--|
| | standa við markmiðin. |
| Seigla/úthald | Sjá <i>Ábyrgð á eigin námi</i> . |
| Mat á eigin námi | Nemendur munu meta sig sjálfir og gildir mat þeirra að hluta sem einkunn/vitnisburður. Einnig stuðst við KVL |

Helstu kennsluaðferðir

- | | |
|--|---|
| <input checked="" type="checkbox"/> Útlistunarkennsla | <input checked="" type="checkbox"/> Útikennsla/útinám |
| <input checked="" type="checkbox"/> Þulunám/þjálfunaræfingar | <input type="checkbox"/> Söguaðferð |
| <input checked="" type="checkbox"/> Innlifunaraðferðir. T.d. leiklist í kennslu og hlutverkaleikir | |
| <input checked="" type="checkbox"/> Umræða/spurnaraðferðir | <input checked="" type="checkbox"/> Kann, vill vita hef lært |
| <input type="checkbox"/> Leitarnám | <input checked="" type="checkbox"/> Hópavinna |
| <input checked="" type="checkbox"/> Spil/námsleikir | <input checked="" type="checkbox"/> Þemanám |
| <input checked="" type="checkbox"/> Samvinnunám | <input checked="" type="checkbox"/> Verklek kennsla (LBD) |
| <input checked="" type="checkbox"/> Annað | <input checked="" type="checkbox"/> Samþætt markvisst við aðrar námsgrein |
| Hvað? <u>Hugarkort</u> | Hvaða? Tónlist, samfél fr. og heimilisfr. |

Heimanám:

- Daglega
 2-3 í viku
 1 sinni í viku
 1 sinni til tvisvar í mánuði
 Nánast ekkert
að hluta Frjálst/ nemendastýrt
 Ekkert heimanám

Námsmat:

- Hlutfall sjálfsmats: 20
Hlutfall verkefnaskila: 20
Hlutfall símats kennara: 15
Hlutfall lokamats: 25
Verkefnamappa og/eða vinnubækur: 20
Leiðsagnarmat nýtt: já (x) Nei ()

Helstu námsgögn/ námsveitur/ aðföng: Smil og Ekko Textab., vinnub. og hlustunaræfingar. **Grammatik**, lesefni og verkefni. Vefefnið **Lige i Lommen**. Bordbombe. Einnig sögubækur ein til tvær yfir veturinn. Upplýsingar af Netinu.

Undirskrift kennara
Seyðisfjarðarskóli september 2019